

lega ákveðin af undirdómaranum 30 kr., er renni í landsjóð, og komi í stað hennar 10 daga einfalt fangelsi, ef hún eigi verður öll greidd innan ákveðins tíma. Yfirdómurinn er samdóma undirdómaranum um það, að eigi sje eptir atvikum málsins ástæða til þess að dæma áfrýjanda bætur hjá stefnda fyrir álits- og atvinnu- hnekki. Um ómerking meidyrðanna, málskostnað fyrir undirrjetti og sekt áfrýjanda eptir tilskipun 11. ágúst 1819 á hinn áfrýjaði dómur einnig að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi virðist eptir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður; málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum ber að fullnægja innan 8 vikna frá lögbirtingu hans; sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 17. októbermán.

Nr. 25/1887.

Valdimar Ásmundarson
gegn

Kr. Ó. Þorgrímssyni
(út af grein í »Fjallkonunni«).

D ó m u r :

Með bæjarþings-rjettardómi Reykjavíkur-kaupstaðar, upp kveðnum 31. marzmán. þ. ár, var áfrýjandi máls þessa, Valdimar ritstjóri Ásmundarson, dæmdur til að greiða 200 kr. sekt til landsjóðs, eða ef sektin eigi yrði greidd, til að sæta 8 vikna einföldu fangelsi, fyrir meidandi ummæli um hinn stefnda, bóksala Kr. Ó. Þor-

grímsson, er prentuð voru í 23. bl. »Fjallkonunnar« 1886, er út kom hinn 11. desembermán. síðastl. ár, en áfrýjandinn er útgefandi og ritstjóri tjeðs blaðs. Hinar ærumeiðandi sakargiptir og ummæli greinarinnar, sem tilgreindar eru í dóminum, voru dæmd ómerk, og hinum stefnda, Kr. Ó. Þorgrímssyni, voru tildæmdar skaðabætur fyrir atvinnutjón eptir mati dómkvaddra óvilhallra manna, þó eigi meiri en 2000 kr. Svo var áfrýjandi og dæmdur til að greiða málskostnað í hjeraði til hins stefnda með 12 kr. — Dómi þessum hefur ritstjóri Valdimar Ásmundarson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. aprílmán. þ. ár, og krafizt þess, að hann verði algjörlega sýknaður af kröfum hins stefnda í málinu, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, eða með einhverju nægilegu eptir mati rjettarins. — Hinn stefndi hefur aptur á móti krafizt þess, að bæjarþingsdómurinn verði í heild hans staðfestur, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir yfirdómi með 30 kr., eða eptir mati rjettarins.

Í máli þessu er áfrýjandinn sakaður af hinum stefnda og dæmdur af undirrjettinum fyrir það, að hann hafi í áður-nefndu blaði »Fjallkonunnar« í grein einni með yfirskrift: »Sakargiptir« skýrt frá ýmsum sakargiptum gegn hinum stefnda út af því, að hann muni hafa dregið undir sig peninga, sem hann hafi átt að borga úr bæjar-sjóði, og falsað kvittanir; að hann hafi ritað heimildarlaust nafn undir kvittanir í sviksamlegum tilgangi; að hann hafi falsað kvittun fyrir peningum, og að gjaldkeri bæjarins (Reykjavíkur) hafi beiðzt þess, að rannsókuð væri bókfærsla hans um tekjur og gjöld bæjarins, hvort eigi væri ástæða til að höfða sakamáls-rann-

sókn út af henni gegn stefnda. Það er nú rjett hermt af stefnda, að í áminnztri blað-grein hafi verið skýrt frá því, að kærur yfir honum, innihaldandi ofan-greindar sakargiptir, hafi verið afhentar bæjarfógetanum í Reykjavík, og er ein kæran orðrjett prentuð í blaðinu. En á hinn bóginn er það sannað í málinu og viðurkennt af stefnda, að einmitt þessi skýrsla blaðsins, um að nefndar kærur hafi verið afhentar bæjarfógetanum, er sönn, eins og það og er viðurkennt af stefnda, að rjett er skýrt frá um efni kæranna í blaðinu. Með því nú að áfrýjandi eigi hefur í hinni áminnztu grein látið í ljósi neitt álit um það, að sakargiptirnar væru á rökum byggðar, nje heldur borið stefnda á brýn, að hann hafi gjört sig sekan í nokkru vanvirðandi athæfi, og hann á hinn bóginn hafði heimild til þess að skýra frá því, að áminnztar kærur, er ræddu um almenningsmálefni og voru tilefni til sakamáls-rannsóknar og sakamálshöfðunar gegn stefnda, væru framkomnar og afhentar hlutadeigandi yfirvaldi, og það því fremur, sem annað frjettblað fyrir almenning þegar degi áður hafði skýrt frá því, að búið væri að afhenda yfirvaldinu tjeðar kærur, þá verður eigi álitíð, að hann hafi gjört sig sekan í saknæmum tilverknaði, með því að prenta hina átöldu grein í blaði sínu. Það ber því að sýkna áfrýjanda fyrir kærum stefnda í máli þessu. Eptir atvikum á málskostnaður fyrir báðum dómum að falla niður.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi, Valdimar ritstjóri Ásmundarson, á að vera sýkn fyrir kærum og kröfum hins stefnda,

bóksala Kr. Ó. Þorgrímssonar, í þessu máli. Málskostnaður fyrir undirretti og yfirdómi falli niður.

Nr. 33/1887.

Þorleifur Jónsson
 gegn
 Kr. Ó. Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Með stefnu, dags. 28. maímán. þ. ár, hefur ritstjóri Þorleifur Jónsson áfrýjað til yfirdómsins dómi, gengnum á bæjarþingi Reykjavíkur 14. dag aprílmán. þ. ár, er gjörir honum að greiða 200 kr. sekt til landsjóðs fyrir að hafa auglýst í blaði sínu »Þjóðólfi« ýmsar sakargiptir og ummæli um hinn stefnda, Kr. Ó. Þorgrímsson bóksala, dæmir ómerkar þessar sakargiptir og ummæli, og dæmir hann til skaðabóta eptir óvilhallra dómkvaddra manna mati, þó eigi meiri en 2000 kr., og til að lúka hinum stefnda málskostnaði með 12 kr.

Fyrir landsyfirdóminum hefur áfrýjandi krafizt, að verða algjörlega sýknaður af kærnum og kröfum hins stefnda, Kr. Ó. Þorgrímssonar, og að hinn stefndi verði dæmdur til að greiða honum allan málskostnað fyrir undir og yfirdómi að skaðlausu, eða með einhverja nægilegu eptir mati rjettarins.

Hinsvegar hefur hinn stefndi krafizt, að undirrettardómurinn verði að öllu leyti staðfestur, en áfrýjandinn, Þorleifur ritstjóri Jónsson, dæmdur til að greiða málskostnað fyrir landsyfirdóminum með 30 kr., eða einhverju nægilegu eptir rjettarins mati.